

Fundargerð stjórnarfundar LAFÍ 9.10. 2017

Staður: Síðumúli 28 (hjá ÍSMAR)

Mættir: Jón Sigurjónsson (JS), Þórir Guðmundsson (ÞG), Birgir Hólm Ólafsson (BHÓ), Kristján Ottósson (KO), Kjartan Már Eiríksson (KME), Sigurður G. Símonarson (SGS) og Hreggviður Á. Sigurðsson

Forföll: Högni Hróarsson (HH)

Dagskrá:

1. JS setti fundinn kl. 16:00 og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar (aðalfundar) frá 29.05.2017 var lögð fram og samþykkt eftir lauslega yfirferð.
3. Stjórnin er þannig skipuð:
 - a. JS formaður
 - b. ÞG varaformaður
 - c. BHÓ gjaldkeri
 - d. HH ritari
 - e. KME, SGS og HÁS meðstjórnendur
4. KO sagði frá að fréttabréfið væri að mestu tilbúið, en taka þyrfti mynd af nýrri stjórn, sem var gert.
5. Samvirkni tækja. Ákveðið var að reyna að fá MVS til að gera átak til að tryggja að samvirkni tækja verði sannprófuð fyrir afhendingu. Stjórnin fól Þóri að gera uppkast að bréfi þar að lútandi. Tímamörk (næsti stjórnarfundur eða fyrir áramót).
6. Varmagjöf miðstöðvarofna. Talið er að brögð séu um að varmagjöf ofna sé rangt reiknuð og uppgefin. Ákveðið var að: Hreggviður skrifi grein í fréttabréfið til að vekja máls á þessu. JS fær grein um staðalinn ÍST 69, varmagjöf ofna til að birta í fréttablaðinu, sem skýrir réttu útreikningana
7. Önnur mál:

ÞG (ÍSMAR) bauð stjórnarmönnum í októberfest 13. Október.

Fleira afrekaði stjórnin ekki á þessum fyrsta fundi, fundarritari var JS